

Tilmæli 30/2018

Fyrri skjalsnúmer	A 1752/välfärd
Afgreiðsla	Norræna velferðarnefndin
Fylgiskjal	Nefndarálit um þingmannatillögu um aukið norrænt samstarf í heilbrigðismálum

Aukið norrænt samstarf í heilbrigðismálum

Með vísan í 45. og 56. gr. Helsingforssamningsins samþykkti Norðurlandaráð þann 1. nóvember 2018 eftirfarandi tilmæli að tillögu norrænu velferðarnefndarinnar.

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að hún styrki samstarf Norðurlandanna að því er varðar stafræna tækni í heilbrigðisþjónustu;

að hún vinni áfram að eflingu norræns samstarfs á sviði mjög sérhæfðrar meðferðar og sjaldgæfra sjúkdóma/sjúkdómsgreininga;

að hún vinni áfram að eflingu norræns lýðheilsusamstarfs og stuðli sérstaklega að því að tryggja jafnan rétt allra til heilbrigðisþjónustu;

að hún taki til athugunar hvort koma megi á nánara samstarfi milli heilbrigðiskerfa Norðurlandanna á sviði meinafræði, æxlafræði, gigtarsjúkdóma, líffæraflutninga, brunasára, flogaveiki, endurhæfingar barna eftir slys, skurðaðgerða á kornabörnum, hjarta- og lungnaendurhæfingar barna, svo og sérfræðimiðstöðvar vegna öndunarvélameðferðar í heimahúsum.

Kaupmannahöfn, 5. nóvember 2018

Michael Tetzschner

Forseti Norðurlandaráðs

Britt Bohlin

Framkvæmdastjóri Norðurlandaráðs